

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Elliði Vignisson <ellidi@olfus.is>
Sent: miðvikudagur, 6. janúar 2021 14:47
Til: Jón Prándur Stefánsson
Efni: Byggðakvóti - Sveitarfélagið Ölfus

Ágæti Jón Prándur,

Á seinasta fundi sínum ræddi bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss úthlutun á byggðakvóta 2020 til 2021.

Afgreiðslan var sem hér segir:

3. 2012021 - Úthlutun byggðakvóta 2020-2021

Fyrir bæjarráði lá bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi úthlutun byggðakvóta. Þar kemur fram að Þorlákshöfn fái úthlutað 162 tonnum 2020/2021 í stað 300 tonna 2019/2020. Um er að ræða niðurskurð um 138 tonn eða 46%.

Bæjarráð vísar til fyrri samþykka vegna þeirra breytinga sem búið er að gera á úthlutun byggðakvóta. Illu heilli hafa nú öll þau áhrif orðið sem bæjarráð varaði við. Bæjarráð vill því ítreka hvatningu til valdhafa um að taka þær ábendingar og athugasemdir alvarlega sem settar hafa verið fram.

Hvað varðar útdeilingu á þó þeim byggðakvóta sem fyrirhugað er að deila út 2020 til 2021 alls 162 þorskígildistonnum þá leggur bæjarráð til að þeim verði þannig úthlutað að 35% verði skipt jafnt á milli allra skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðar nr. 665/2013 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu sem skráð voru í Þorlákshöfn og hafa almennt veiðileyfi. 65% verði því úthlutað eftir lönduðum afla. **Með því verði úthlutun byggðakvóta sem úthlutað er til Þorlákshafnar með sama hætti á undanfarin ár.**

Ég óska eftir staðfestingu á móttöku þessa tölvupóstar og upplýsingum um vænta framvindu.

Með vinsemd
Elliði Vignisson
bæjarstjóri